

Fundargerð 4. fundar

Starfshópur um sérhæfða akstursþjónustu í Hafnarfirði.

Haldinn kl. 12, mánudaginn 13.maí 2019 að Strandgötu 6.

Mættir: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Elísabet Hansdóttir, fulltrúi Ráðgjafarráðs, Guðmundur Ragnar Ólafsson, innkaupastjóri, Þórdís Helga Ólafsdóttir, fræðslu- og frístundasviði, Elín Ýr Arnar, Ráðgjafarráði, Sigurður Guðjón Jónsson frá Mannviti og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. mál.

Ákveðið að óska eftir umsögnum frá skólastjórnendum og deildarstórum stoðþjónustu varðandi akstursþjónustu skólabarna. Þórdís Helga kallar eftir umsögnunum.

2. mál.

Formaður er að vinna með reglur akstursþjónustunnar.

Rætt um samning Hafnarfjarðarkaupstaðar og Blindrafélagsins. Formaður leggur til að á þessu stigi verði samningurinn látinn halda sér og verði áfram óbreyttur í gildi.

3. mál.

Fyrir fundinum liggja umsagnir forstöðumanna starfsstöðva fatlað fólks og umsögn frá móður fatlaðs drengs. Farið var yfir umsagnirnar. Mikilvægar upplýsingar koma fram s.s. mikilvægi tæknilausna, rætt um stöðu þeirra sem nýta óhefðbundnar tjáskiptaleiðir, áhersla sé á sömu bílstjóra og fræðslu til bílstjóra sem er afar mikilvægt mál. Sérhæfð skyndihjálpar er einnig nauðsynleg þekking. Rætt að eðlilegt sé að verktaki sjái um þessa fræðslu en skilyrði verði að bílstjórar hafi þessa þekkingu. Sett verði ákveðin þjónustustefna þannig að m.a. notendum séu sýnd eðlileg virðing o.fl.

Rætt um ferðir í Leifsstöð en um mikilvægar ferðir er að ræða. Ákveðið að fá tilboð í slíkar ferðir sem tekin verður afstaða til.

Jafnframt var rætt um viðkomuferðir þ.e.a.s. ferðir sem ekki eru eingöngu frá einum stað til annars heldur sé stoppað á viðkomustað á leiðinni.

Ábendingar koma einnig fram um mikilvægi persónulegrar þjónustu og sami bílstjóri keyri notendur.

4. mál.

Stefnt er að því að leggja fram drög að reglum á næsta fundi sem er mánudaginn 20.maí.

Fundi slitið kl. 13:00.